

Reglur um leigu á landi í eigu Eyjafjarðarsveitar.

Samþykkt á 497. fundi sveitarstjórnar þann 24.05.2017.

1. Tún og akrar í eigu sveitarfélagsins sem laus eru til útleigu skulu auglýst með þeim hætti sem tíðkanlegt er í sveitinni. Óski fleiri en einn eftir að leigja land skal dregið milli umsækjenda.
2. Leigusamningar skulu vera að lágmarki til 5 ára í senn en þó eru þeir uppsegjanlegir ef ekki er staðið við reglur sveitarfélagsins og skilmála samnings.
3. Í sérstökum tilvikum, til að mynda vegna skipulagsáforma, er heimilt að leigja land til skemmri tíma.
4. Öll tún og akrar í eigu sveitafélagsins skulu fá áburðargjöf hvort sem það er í formi tilbúins áburðar, skíts, moltu eða annars áburðar sem bætir upp þau efni sem tapast úr jarðveginum við uppskeru eða beit.
5. Öll tún sem leigð eru út í eigu sveitafélagsins skulu vera slegin að lágmarki einu sinni á ári.
6. Uppskeran skal fjarlægð af túnunum eins fljótt og kostur er þó aldrei seinna en 3 vikum frá því uppskeran hefur verið tekin saman.
7. Beitarhólf skulu beitt af skynsemi. Ef rof fer að myndast í gróðurþekjuna skal reynt eftir fremsta megni að ganga þannig frá því að ekki muni aukast rof og grípa til viðeigandi ráðstafana.
8. Sveitarfélagið getur kvatt ráðunaut til að meta beitarálag Leigutaki skal fara eftir fyrirmælum sveitarfélagsins byggðum á ráðgjöf ráðunauts. Nú greinir aðila á um hæfilegt beitarálag og er hvorum aðila þá heimilt að segja leigusamningi upp með 10 daga fyrirvara og koma engar bætur fyrir.
9. Aðrir leiguskiðsmálar eru ákvarðaðir hverju sinni á skrifstofu sveitarfélagsins, svo sem hvaða endurgjald skuli koma fyrir leigu, kvaðir um girðingar og önnur atriði.